



Reykjavík, 5. maí 2025

VEL25050006

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Samstarf Virkniúss og Menntasjóðs Mæðrastyrksnefndar

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 15. janúar 2025 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að Virkniúsi verði falið að kanna möguleika á samstarfi við Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar sem veitir menntunarstyrki til tekjulágra kvenna, oft einstæðra mæðra. Með það að markmiði að styðja við reykvískar konur sem þurfa samþættan stuðning til að geta nýtt sér menntunarstyrkinn.

Fulltrúar Virkniúss funduðu með fulltrúum Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur þann 2. apríl 2025 til að ræða um málefni sjóðsins.

Um Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar

Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar veitir menntunarstyrki til tekjulágra kvenna, oft einstæðra mæðra um land allt. Sjóðurinn veitir konum námsstyrki til fagnáms, starfsréttindanáms og háskólanáms. Sjóðurinn veitir styrk til greiðslu skólagjalda (að ákveðnu hámarki), bókakaupa eða annars sem gerir umsækjenda kleift að stunda og ljúka námi. Auglýst er eftir umsóknum um sjóðinn í maí ár hvert. Umsóknum skal fylgja skattskýrsla síðasta árs ásamt staðfesting á námsvist, auk upplýsinga um núverandi tekjur og greiðslubyrðir viðkomandi. Sýna þarf fram á námsárangur til að hljóta áframhaldandi styrk úr sjóðnum.

Nokkrir þátttakendur úr TINNU hafa nýtt sér þennan styrk Mæðrastyrksnefndar sem hefur gert framhaldsmenntun mögulega fyrir þennan hóp og aukið tækifæri þeirra til atvinnuþátttöku.

Ljóst er að Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar gegnir mikilvægu hlutverki í að styðja tekjulágar konur til náms og því öllum til heilla að samstarf sé gott milli sjóðsins og Virkniúss velferðarsviðs.

Næstu skref

Gagnkvæmur vilji er til góðrar samvinnu milli Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar og Virkniúss velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Lagt er til að ráðgjafar verði upplýstir um Menntunarsjóðinn og upplýsingum komið áleiðis til ráðgjafa þegar opið er fyrir umsóknir í sjóðinn. Einnig er lagt til að fulltrúar Virkniúss taki saman upplýsingar um sjóðinn sem birtar verði á upplýsingabrunni velferðarsviðs, ráðgjöfum til upplýsingar. Auk þess er bent á að núverandi reglur um fjárhagsaðstoð kunni að vinna gegn þeim markmiðum að efla notendur fjárhagsaðstoðar til sjálfshjálpar með því að sækja sér nám þar sem styrkurinn kemur til skerðingar á fjárhagsaðstoð.



Reykjavík